



Reykjavík, 4. september 2015

**Fundarboð KÍ til nýrra og nýlegra trúnaðarmanna um fræðslunámskeið.
Samrit sent öllum trúnaðarmönnum KÍ til upplýsingar.**

Kæru trúnaðarmenn!

Fræðslunefnd KÍ stendur fyrir árlegri fræðslu fyrir trúnaðarmenn um störf þeirra, réttindi og skyldur, helstu hagsmunamál félagsmanna og atriði sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Aðildarfélög KÍ sjá hins vegar um fræðslu fyrir trúnaðarmenn um kjarasamninga og starfsemi hvers félags.

Trúnaðarmannafræðsla KÍ 2015 er fyrir þann hóp trúnaðarmanna sem byrjaði í trúnaðarmannsstarfinu frá og með upphafi skólaársins 2014 og til dagsins í dag. Þeim sem hafa verið trúnaðarmenn í lengri tíma er boðin þátttaka ef þeir telja sig hafa þörf fyrir þessa fræðslu.

Fræðslunámskeiðið verður haldið í Reykjavík, Hvammi, Grand hóteli, miðvikudaginn 7. október nk. kl. 9:30 – 16:00, og er mæting kl. 9:00.

Markmið fræðslunnar er að efla trúnaðarmenn í störfum sínum og þekkingu á réttinda- og hagsmunamálum félagsmanna. Fyrir hádegi verður fjallað um ýmsa þætti ráðningarmála og eftir hádegi um starfsumhverfið og samskiptamál. Áhersla er lögð á hagnýtt efni, raunhæf verkefni og umræður. Dagskrá verður send út innan tíðar og nánari upplýsingar um fyrirkomulagið. Dagskrá og upplýsingar verða einnig á heimasíðu KÍ.

Trúnaðarmenn sem eiga um langan veg að fara til Reykjavíkur til að sækja námskeiðið geta óskað eftir því að fá það streymt á netinu. Hægt er að tengjast útsendingu í hvaða nettengdri tölvu sem er. Þeir sem velja þann kost geta sent fyrirspurnir og ábendingar í tölvupósti til fundarstjóra meðan á námskeiði stendur.

Trúnaðarmenn eru beðnir um að skrá sig strax á námskeiðið á þessari slóð:

https://docs.google.com/forms/d/1LGGY4NwEjSJCa-d1_ttcVs7JIQuvddDxxTeTrZtQTo/viewform

Mikilvægt er að merkja við hvort þið ætlið að mæta á fundarstað eða taka þátt í námskeiðinu í streymi.

Vinsamlega gerið skólastjórnendum grein fyrir fjarveru ykkar og ástæðum. Í fundarboðinu eru reglur KÍ um ferðakostnað.

Með félagskveðju, f.h. fræðslunefndar KÍ
Aðalheiður Steingrímisdóttir, varaformaður KÍ

Reglur KÍ um ferðakostnað

KÍ greiðir ferðakostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins miðað við skemmstu mögulegu dvöl í Reykjavík til að sækja námskeiðið.

Flugferðir: Þeir sem koma með flugi eru beðnir um að bóka sjálfir flug á vefnum og greiða. Þeir sem búa lengra en 25 km frá flugvelli fá greiddan akstur umfram 25 km hvora leið. Þeir sem koma með flugi fá greidda leigubíla innan Reykjavíkur til og frá fundarstað. Mikilvægt er að bóka flug sem fyrst til að ná lágum fargjöldum.

Akstur á eigin bifreið: Þeir sem koma akandi á eigin bifreið og búa í meira en 25 km fjarlægð frá fundarstað fá greiddan akstur samkvæmt kílómetragjaldi og vegtoll (göng) ef um hann er að ræða. Þeir sem eiga kost á flugi en kjósa að aka á eigin bifreið fá greidda upphæð sem nemur verði flugfarmiða að viðbættum akstri samkvæmt kílómetragjaldi að og frá flugvelli ef þeir búa í meira en 25 km fjarlægð frá flugvelli. Þeir sem búa á sama svæði eru beðnir um að sameinast í bíla eins og kostur er.

Áætlunarbílar og ferjur: Þeir sem ferðast með áætlunarbíl eða ferju fá greitt fargjald og leigubíl til og frá fundarstað.

Gisting: KÍ greiðir gistingu á **Fosshótel Barón Reykjavík að hámarki kr. 8.400 á nótt** (einstaklingsherbergi með morgunmat).

Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi leiðir:

1. Bóka sjálfir hótélherbergi og nota hótélávísun frá orlofssjóði KÍ sem þeir kaupa á orlofsvef sjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).
2. Bóka sjálfir herbergi á Sóleyjargötu 25 eða 33 í Reykjavík á vef orlofssjóðsins á heimasíðu KÍ (ki.is).

Í báðum tilvikum eru orlofspunktur bakfærðir eftir á.

Á fundarstað skal fylla út ferðakostnaðareyðublað og láta kvittanir fyrir útlögðum kostnaði samkvæmt ofangreindum reglum fylgja með.